



Uppgjör 9M 2025


Lilja Björk Einarasdóttir
Bankastjóri

Hreiðar Bjarnason
Framkvæmdastjóri Fjármála



Landsbankinn – stærsta fjármálafyrirtæki á Íslandi

Rekstrartekjur án virðisbreytinga



Samtengd þjónusta

Aðgengileg í appi, netbanka og um allt land



Útlán*

29,3%

Innlán**

36,8%

Heildareignir

2.298
ma.kr.

Eiginfjárhluftfall

24,0%

Lánshæfismat S&P Global

A-/A-2

Stöðugar horfur



LANDSBRÉF

Áhættumat vegna UFS-þátta



Lág áhætta



Framúrskarandi

*Markaðshlutdeild í útlánnum lánað af fyrirtækja
**Markaðshlutdeild í innlánum innlánsstofnana
Heimild: Seðlabankinn, 31. ágúst 2025

Samstæðan skilar góðu uppgjöri fyrstu 9 mánuði ársins

Hagnaður 29,5 ma.kr.	Arðsemi eigin fjár 12,2%	Samsett hlutfall TM* 92,3%
Hreinar vaxtatekjur +12%	Hreinar þjónustutekjur +14%	Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T hlutfall) 33,2%,
Heildarútlán 1.857 ma.kr.	Heildarinnlán 1.252 ma.kr.	Eigið fé 335 ma.kr.

* 9M hjá TM

Arðsemi eigin fjár á tímabilinu nam 12,2% og vænt arðsemi ársins er á bilinu 11-12%.

Hreinar vaxtatekjur hækka um 5,3 milljarða á milli ára. Heildarvaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu eigna er 2,9% og helst óbreyttur frá sama tímabili í fyrra.

Hreinar þjónustutekjur hækka um 1,1 milljarð á milli ára. Áhersla hefur verið á fjölgun viðskiptavina, fjölgun þjónustupátta og aukna skilvirkni.

Kostnaðarhlutfall bankans helst stöðugt og er vænt kostnaðarhlutfall fyrir árið í heild á bilinu 32% - 35%.

Heildarútlán hafa aukist um 3% frá áramótum. Aukningin er nær öll í útlánunum til fyrirtækja og er hækkunin þar 49,9 milljarðar, þrátt fyrir nokkra styrkingu á gengi krónunnar. Útlán til einstaklinga hafa dregist saman um 0,3 milljarða.

Virðisrýrnun útlána og krafna nemur 2.939 milljónum, þar af er 2.378 milljóna varúðarfærsla vegna óvissu um niðurstöðu dómsmála tengdum fasteignalánunum til neytenda. Vanskil lántaka eru áfram lág í sögulegu samhengi.

Fjármögnun bankans hefur gengið vel það sem af er ári. Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll eru vel umfram lögbundnar kröfur.

Eiginfjárstaða bankans er **sterk** og eiginfjárhlutfallið er 24,0% sem er 360 punktum yfir 20,4% kröfu eftirlitsaðila.

Traustur rekstur á þriðja ársfjórðungi

Góð afkoma ársfjórðungsins er til marks um skilvirkan rekstur á öllum sviðum og sterka fjárhagsstöðu.

Hagnaður

11,1

ma.kr.

Samsett hlutfall TM

90,6%

Hreinar vaxtatekjur


+13%

Arðsemi eiginfjár


13,5%

Kostnaður sem hlutfall af tekjum
(K/T hlutfall)

28,5%



Fyrirtækjalausnir á fleygiferð



Vel heppnaður sjálfbærnidagur

Við höldum sjálfbærnidaginn í fjórða skiptið. Viðburðurinn er vettvangur fyrir fyrirtæki til að miðla reynslu og stuðlar að umræðu og fræðslu um sjálfbærni.

Sjálfbærnidagur
Landsbankans | 2025

Dagskrá

Sjálfbærni í verki
Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans

Skýr leiðarljós á óvissutímum
Dr. Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs

Sjálfbær framtíð úr gömlum efnivið
Högni Stefán Þorgeirsson, stofnandi og eigandi Arctic Plank

Plast og sjálfbærni, fer það saman?
Daði Valdimarsson, forstjóri Rotovia

Flutningskerfið – lífæð hjóðar
Ragna Arnadóttir, forstjóri Landsnets

Að planta fræjum
Hrafnhildur Gunnarsdóttir, einn af eigendum Plöntunnar kaffibúss og bistrs

Í stakk búið í 99 ár
Helgi Rúnar Óskarsón, forstjóri og eigandi 66° Norður

Fundarstjóri
Aðalheiður Snæbjarnardóttir, forstöðumaður sjálfbærni hjá Landsbankanum.



Ungt fólk fjárfestir til framtíðar

Felldum niður og lækkuðum gjöld vegna viðskipta með sjóði

- 45%** Fjölgun viðskipta með sjóði hjá Landsbréfum meðal ungs fólks (18-24 ára)
- 31%** Fjölgun ungs fólks (18-24 ára) sem ávaxtar viðbótarlífeyrissparnaðinn hjá okkur
- 11%** Heildarfjölgun samninga um viðbótarlífeyrissparnað

Mikilvæg svikavakt

Svikavaktin, sem er opin alla daga vikunnar frá 9-23, hefur fengið tæplega 1.800 símtöl frá viðskiptavinum á árinu og hefur tekist að endurheimta töluverða fjármuni



16%
meiri notkun



Austurstræti 11 í nýju hlutverki

Töluverð tímamót urðu þegar Landsbankinn seldi Austurstræti 11 og þrjú samtengd hús í Hafnarstræti. Rekstur bankans fer nú fram á um 40% færri fermetrum en árið 2018.



Betri saman á vinnustað framtíðarinnar

94%

mæla með
Landsbankanum
sem frábærum
vinnustað



94%

eru stolt af því
að vinna hjá
Landsbankanum

92%

finnst góður
starfsandi í
sinni einingu

92%

telja sig vel
metinn meðlim
í sínu teymi



Jákvæð áhrif - um allt land

Tókum þátt í
Gullkistunni
Vestfirðir



Það er
iðandi líf, kraftur og
fjör um allt land. Við tókum

virkan þátt

bæði með styrkveitingum,
fræðslustarfi og með
því að vera
með!

TM styrkti
Pieta
samtökin

Botnsvatnshlaup
Landsbankans



Listakonur í
Landsbankanum
– ný síða

Líflegur
fundur um lífeyri
og netöryggi



Aukakrónuhlaup
Ármanns



Menningarnótt var fagnað bæði
í bankanum og á Hörputorgi

Aðalstyrktaraðili
Ljósanætur



Úthlutað úr
Gleðigöngupottinum



Brúarhlaupið
á Selfossi




Kassabilarallí
á Höfn

Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

Sterk fjárhagsstaða og skilvirkur rekstur

Arðsemi

Arðsemi eigin fjár



9M 2025 **Markmið**


12,2% ≥ 10%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2025 er 11-12%.

Skilvirkni

Kostnaðarhlutfall (K/T)



9M 2025 **Markmið**


33,2% ≤ 40%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt K/T hlutfall á árinu 2025 er 32-35%.

Fjárhagslegur styrkur

Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)



9M 2025 **Markmið**


20,5% ≥ 18%

Leiðbeinandi viðmið

Vera í hæsta flokki fyrir áhættuvgið eiginfjárhlutfall eins og það er metið af lánshæfismatsfyrirtækjum.

Innleiðing CRR III síðar á árinu mun leiða til um 60 milljarða lækkunar á áhættugrunni bankans og um 1,0% hækkunar á eiginfjárhlutfalli alls.

Arðgreiðslur



9M 2025 **Markmið**

✓ 50%

Leiðbeinandi viðmið

Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs

— — Regluleg arðgreiðsla / Hagnaður fyrra árs
■ Sérstök arðgreiðsla
■ Regluleg arðgreiðsla



A woman with blonde hair tied back, wearing a dark t-shirt and a light-colored apron, is standing in a grocery store. She is looking down at a smartphone in her hands. The background shows shelves stocked with various fruits and vegetables, including bananas and apples. The lighting is bright, and the overall tone of the image is slightly desaturated with a blue tint.

Rekstrarreikningur




Rekstrarreikningur

	9M 2025	9M 2024	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	49.369	44.090	5.279	12%
Hreinar þjónustutekjur	9.184	8.068	1.116	14%
Afkoma af vátryggingarsamningum	1.747	0	1.747	0%
Hrein virðisbreyting	-2.939	-2.018	-921	46%
Aðrar rekstrartekjur	6.459	8.463	-2.004	-24%
Rekstrartekjur samtals	63.820	58.603	5.217	9%
Laun og launatengd gjöld	13.034	12.005	1.029	9%
Annar rekstrarkostnaður	8.370	7.569	801	11%
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	2.028	1.955	73	4%
Rekstrargjöld samtals	23.432	21.529	1.903	9%
Hagnaður fyrir skatta	40.388	37.074	3.314	9%
Tekjuskattur	10.933	10.166	767	8%
Hagnaður tímabilsins	29.455	26.908	2.547	9%


	3F 2025	3F 2024	Breyting	
	16.907	14.955	1.952	13%
	2.979	2.690	289	11%
	708	0	708	0%
	-2.864	1.442	-4.306	-299%
	4.256	2.129	2.127	100%
	21.986	21.216	770	4%
	3.869	3.582	287	8%
	2.533	2.492	41	2%
	658	719	-61	-8%
	7.060	6.793	267	4%
	14.926	14.423	503	3%
	3.793	3.636	157	4%
	11.133	10.787	346	3%

Hreinar rekstrartekjur


Hreinar vaxtatekjur aukast um 12% milli ára, en vaxtamunur helst óbreyttur. Hreinar þjónustutekjur hækka um 14%.




Hreinar vaxtatekjur



Hreinar þjónustutekjur




Meginvextir Seðlabankans og vaxtamunur




Rekstrargjöld

Rekstrargjöld hækka í takt við væntingar og stöðugildum fjölga með kaupum bankans á TM



Laun og tengd gjöld



Stöðugildi



Annar rekstrarkostnaður og bankaskattur



A woman with blonde hair tied back, wearing a dark t-shirt and a light-colored apron, is standing in a grocery store aisle. She is looking down at a smartphone in her hands. The background shows shelves stocked with various items, including what appears to be produce. The entire image has a warm, orange-toned overlay.


Efnahagsreikningur

Heildareignir

Kaup bankans á TM leiða til nokkurrar stækkunar á efnahagsreikningi samstæðunnar

	30.9.2025	31.12.2024	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	106	130	-24	-18%
Markaðsskuldabréf	185	139	46	33%
Hlutabréf	32	33	-1	-3%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	64	39	25	64%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.857	1.807	50	3%
Aðrar eignir	54	34	20	59%
Samtals	2.298	2.182	116	5%


- Útlán til einstaklinga hafa staðið í stað frá áramótum.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 62 ma.kr. frá áramótum en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 12 ma.kr. er heildaraukningin um 50 ma.kr.





Útlán og kröfur á viðskiptavini

Hóflegur útlánavöxtur, en vanskil einstaklinga og fyrirtækja eru áfram lág í sögulegu samhengi

Heildarútlán




Vandræðalán




Útlán til einstaklinga

Verðtryggð íbúðalán hækka áfram, samhliða uppgreiðslum og endurfjármögnun óverðtryggðra íbúðalána

Útlán til einstaklinga




Útlán heimila eftir lánsformum



Dómsmál vegna vaxtabreytingarákvæðis í fasteignalánum til neytenda.

- Í desember 2021 var höfðað mál gegn bankanum þar sem þess var krafist að skilmálar um breytilega vexti óverðtryggðs fasteignaláns yrðu dæmdir ólögmætir. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði bankann í málinu. Hæstiréttur hefur samþykkt beiðni stefnenda í málinu um áfrýjun.
- Þann 14. október 2025 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu í máli nr. 55/2024 sem höfðað var gegn Íslandsbanka að ógilda bæri að hluta skilmála óverðtryggðs fasteignaláns um breytilega vexti. Að mati Landsbankans kann niðurstaða þess dóms að hafa áhrif á það hvort eða að hvaða leyti Hæstiréttur staðfestir niðurstöðu héraðsdóms í máli Landsbankans.
- Í ljósi óvissu um niðurstöðu hefur bankinn fært varúðarfærslu að fjárhæð 2,4 ma.kr. vegna þess hluta lánasafns bankans sem varðar fasteignalán til neytenda. Nánari upplýsingar er að finna í skýringu 33 í árshlutauppgjöri.


Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Útlán til fyrirtækja

Hægt hefur á vexti útlána til fyrirtækja, auk þess sem styrking krónunnar á árinu leiðir til lækkunar á útlánnum í erlendra mynt


Útlán til fyrirtækja



Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Virðisbreyting útlána

Lítill virðisrýrnun útlána það sem af er ári og stendur virðisrýrnunarsjóður áfram í um 0,6% af útlánasafni bankans


Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina



Áhættukostnaður útlána



Rekstraráhrif virðisrýrnunar



Útlán eftir áhættustigum

	Bókfært virði brúttó		Virðisrýrnunarsjóður		Bókfært virði nettó	
Áhættustig 1	1.717.853	92,0%	2.972	0,2%	1.714.881	92,3%
Áhættustig 2	77.140	4,1%	2.128	2,8%	75.012	4,0%
Áhættustig 3	19.635	1,1%	5.291	26,9%	14.344	0,8%
Gangvirði	52.718	2,8%	0	0,0%	52.718	2,8%
Samtals	1.867.346	100%	10.391	0,6%	1.856.955	100%





Skuldir og eigið fé

Aukin víkjandi fjármögnun í tengslum við kaup bankans á TM



	30.9.2025	31.12.2024	Breyting	
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	13	12	1	8%
Innlán frá viðskiptavinum	1.252	1.228	24	2%
Lántaka	566	529	37	7%
Aðrar skuldir	78	48	30	63%
Víkjandi lántaka	53	40	13	33%
Eigið fé	335	325	10	3%
Samtals	2.298	2.182	116	5%

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 24 ma.kr. frá áramótum.
- Lántaka hækkar um 37 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 4 ma.kr. til lækkunar.
- Víkjandi lántaka hækkar um 13 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 2 ma.kr til lækkunar.




Innlán frá viðskiptavinum

Áframhaldandi aukning í innlánum heimila, en hægt hefur á innlánavexti í heild





- Innlán frá heimilum hækkuðu um 46 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 en heildarinnlán frá viðskiptavinum jukust um 24 ma.kr. á sama tímabili.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 47% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.




Lánsfjármögnun

Aukin fjölbreytni í fjármagnsskipan bankans með vel heppnaðri útgáfa USD 100 milljóna víkjandi AT1 verðbréfa á fyrri hluta árs


Sundurliðun lánsfjármögnunar



Útgáfa lánsfjármögnunar







Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar



Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur




Eiginfjákröfur

Eiginfjárlutföll vel umfram lögbundnar kröfur


	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	1,4%	1,8%	2,5%
Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R	5,9%	7,8%	10,5%
Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu	1,9%	1,9%	1,9%
Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki	3,0%	3,0%	3,0%
Sveiflujöfnunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Verndunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G	9,9%	9,9%	9,9%
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	15,8%	17,7%	20,4%
Eiginfjárlutfall alls	20,5%	21,3%	24,0%

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjákröfum undir Stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach).
- Staða samstæðu samkvæmt CRR er reikningsskilaleg samstæða Landsbankans, án dótturfélaga í váttryggingarstarfsemi.
- Bankinn vinnur nú að innleiðingu reglugerðar ESB nr. 2024/1623 (CRR III) sem felur í sér breytingar á útreikningi áhættugrunns, sérstaklega vegna útlánaáhættu. Mat bankans er að innleiðing CRR III síðar á árinu muni leiða til um 60 milljarða króna lækkunar á áhættugrunni bankans og um 1,0% hækkunar á eiginfjárlutfalli alls.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni



Áhættuvegnar eignir




Vænt áhrif innleiðingar CRR III

Eiginfjárlutfall hækkar um 1,0%

	CRR II	CRR III	Breyting
Útlánaáhætta	1.339	1.296	-43
Markaðsáhætta	23	23	0
Rekstaráhætta	131	114	-17
Samtals	1.493	1.433	-60
Eiginfjárlutfall	24,0%	25,0%	1,0%


Áhættugrunnur vegna útlána – skuldbindingaflokkar í CRR III



- Bankinn hefur lagt mat á breytingar á áhættugrunni þann 30. september 2025 miðað við að CRR III hafi tekið gildi. Þetta hefur áhrif á útreikning á útlánaáhættu og rekstraráhættu.
- Vænt áhrif nema 60 ma.kr. (eða 4,0%) lækkun á áhættugrunni bankans sem leiðir af sér að eiginfjárlutfall alls hækkar úr 24,0% í 25,0%.
- Áhrifin eru mest vegna útlána til viðskiptavina, annars vegar vegna lækkunar áhættugrunns útlána með veði í fasteignum og hins vegar vegna hækkunar áhættugrunns vegna útlána til byggingarframkvæmda.
- Endanleg áhrif á áhættugrunn bankans geta orðið önnur við innleiðingu eða í kjölfar innleiðingar, einkum þar sem enn geta komið fram tölkanir frá eftirlitsaðilum um framkvæmd útreiknings í einstökum flokkum.
- Innleiðingu breytinga sem tengjast markaðsáhættu hefur verið frestað til ársins 2027. Áætlað er að þær breytingar leiði til hækkunar áhættugrunns.

Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur



Nýjasta MREL-krafa skilavalds Seðlabanka Íslands til Landsbankans er frá október 2024 og er skv. lögum sú hærri af:

- **Áhættutengt:**
2 x (Stoð I + Stoð II-R) + Samanlögð krafa um eiginfjáruka (CBR)
- **Vogunartengt:**
2 x Lágmarkskrafa um vogunarlutfall (3,0% af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga)

Skilavaldið leggur jafnframt á sérstaka MREL-kröfu um undirskipaða fjármögnun sem nemur 13,5% af áhættugrunni, sem hlutfall af áhættugrunni bankans, sem bankinn þarf að uppfylla frá og með 4. október 2027.

MREL-krafa gagnvart Landsbankanum er 30,9% af áhættugrunni eða sem nemur 461,4 mö.kr. í lok september 2025.

■ MREL-fjármögnun bankans er samtals 585 ma.kr. í lok september 2025, eða sem jafngildir 39,2% af áhættugrunni.

MREL-krafa um undirskipan gagnvart Landsbankanum er 23,4% af áhættugrunni, eða sem nemur 349,4 ma.kr. í lok september 2025.

■ MREL-undirskipuð fjármögnun bankans er samtals 398,0 ma.kr. í lok september 2025, eða sem nemur 26,7% af áhættugrunni.

Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020.

- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
- Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfur á Landsbankann sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).



Arðgreiðslur

Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð


Arðgreiðslur 2025

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. mars 2025, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2024 sem nemur 0,80 krónum á hlut og að arðgreiðslan verði tvískipt. Arðgreiðslurnar nema hvor um sig 0,4 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 26. mars sl. og sú síðari þann 17. september. Arðgreiðslur ársins nema því í heild 18.891 milljónum króna.


Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Arðgreiðslur



Eiginfjárlutfall breytingar 9M 2025



Eiginfjárgrunnur	340,9	29,5	(14,7)	(9,1)	12,1	0,2	358,9
Áhættugrunnur	1.401,0		34,4	57,8			1.493,2




A woman with blonde hair tied back, wearing a dark t-shirt and a light-colored apron, is standing in a grocery store aisle. She is looking down at a smartphone in her hands. The background shows shelves stocked with various fruits and vegetables, including bananas and apples. The lighting is bright, and the overall tone of the image is professional and informative.

Viðauki


Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Greiningardeild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spánnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 15% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 15% (2024: 15%-70%-15%).


Hagvöxtur




Atvinnuleysi




Verðbólga




Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)



EUR / ISK



Íbúðaverð breyting milli ára



Kennitölur

	9M 2025	2024	2023	2022	2021
Hagnaður eftir skatta	29.455	37.508	33.167	16.997	28.919
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	12,2%	12,1%	11,6%	6,3%	10,8%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	1,7%	1,8%	1,7%	1,0%	1,7%
Heildareignir	2.297.601	2.181.759	1.960.776	1.787.024	1.729.798
Hreinar vaxtatekjur	49.369	57.197	57.559	46.464	38.953
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,9%	2,7%	3,0%	2,7%	2,3%
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	148,4%	147,1%	155,5%	159,6%	154,1%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	33,2%	32,4%	33,7%	46,8%	43,2%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna	1,3%	1,3%	1,4%	1,4%	1,4%
Eigið fé samtals	335.213	324.649	303.754	279.091	282.645
Eiginfjárhlutfall alls	24,0%	24,3%	23,6%	24,7%	26,6%
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL)	39,2%	38,2%	37,9%	40,4%	
Heildarlausafjárþekja	229%	164%	181%	134%	179%
Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022)	1236%	951%	1499%	351%	556%
Lausafjárþekja ISK	121%	133%	129%	99%	120%
Fjármögnunarþekja	128%	124%	123%	117%	121%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	173%	143%	145%	132%	142%
Stöðugildi	948	822	817	813	816

	3F 2025	2F 2025	1F 2025	4F 2024	3F 2024
	11.133	10.382	7.940	10.600	10.787
	13,5%	13,0%	10,0%	13,3%	14,0%
	1,9%	1,8%	1,4%	1,9%	2,0%
	2.297.601	2.305.038	2.257.092	2.181.759	2.185.796
	16.907	17.662	14.800	13.107	14.955
	2,9%	3,1%	2,7%	2,4%	2,8%
	148,4%	147,5%	145,7%	147,1%	146,5%
	28,5%	33,3%	38,7%	32,8%	30,7%
	1,1%	1,3%	1,4%	1,3%	1,1%
	335.213	324.079	313.698	324.649	314.049
	24,0%	24,0%	23,6%	24,3%	24,1%
	39,2%	38,3%	38,1%	38,2%	35,5%
	229%	234%	221%	164%	263%
	1236%	661%	1197%	951%	666%
	121%	120%	106%	133%	134%
	128%	125%	123%	124%	121%
	173%	168%	161%	143%	136%
	948	927	926	822	813

Rekstur

	9M 2025	2024	2023	2022	2021
Hreinar vaxtatekjur	49.369	57.197	57.559	46.464	38.953
Hreinar þjónustutekjur	9.184	11.405	11.153	10.623	9.483
Afkoma af váttryggingarsamningum	1.747				
Hrein virðisbreyting	-2.939	-2.772	-3.120	2.473	7.037
Aðrar rekstrartekjur	6.459	13.873	8.256	-6.307	6.857
Rekstrartekjur samtals	63.820	79.703	73.848	53.253	62.330
Laun og launatengd gjöld	13.034	16.534	15.866	14.474	14.759
Annar rekstrarkostnaður	8.370	10.202	10.092	9.289	9.105
Skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja	2.028	2.597	2.290	2.097	2.013
Rekstrargjöld samtals	23.432	29.333	28.248	25.860	25.877
Hagnaður fyrir skatta	40.388	50.370	45.600	27.393	36.453
Tekjuskattur	10.933	12.862	12.433	10.396	7.534
Hagnaður tímabilsins	29.455	37.508	33.167	16.997	28.919

3F 2025	2F 2025	1F 2025	4F 2024	3F 2024
16.907	17.662	14.800	13.107	14.955
2.979	3.201	3.004	3.337	2.690
708	769	270		
-2.864	256	-331	-754	1.442
4.256	786	1.417	5.411	2.129
21.986	22.674	19.160	21.100	21.216
3.869	4.700	4.465	4.529	3.582
2.533	2.769	3.068	2.633	2.493
658	699	671	642	719
7.060	8.168	8.204	7.804	6.793
14.926	14.506	10.956	13.296	14.423
3.793	4.124	3.016	2.696	3.636
11.133	10.382	7.940	10.600	10.787



Efnahagur

	30.9.2025	31.12.2024	Breyting	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	105.561	129.981	-24.420	-19%
Markaðsskuldabréf	185.018	139.104	45.914	33%
Hlutabréf	31.649	32.644	-995	-3%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	64.061	39.346	24.715	63%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.856.955	1.807.437	49.518	3%
Aðrar eignir	54.357	33.247	21.110	63%
Eignir samtals	2.297.601	2.181.759	115.842	5%
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	13.343	11.989	1.354	11%
Innlán frá viðskiptavinum	1.251.582	1.228.444	23.138	2%
Lántaka	565.937	529.150	36.787	7%
Aðrar skuldir	78.374	47.538	30.836	65%
Víkjandi lántaka	53.152	39.989	13.163	33%
Eigið fé	335.213	324.649	10.564	3%
Skuldir og eigið fé samtals	2.297.601	2.181.759	115.842	5%

	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
	75.350	42.216	82.425
	148.182	125.265	150.435
	19.012	19.106	33.347
	54.101	28.621	47.231
	1.630.894	1.544.360	1.387.463
	33.237	27.456	28.897
	1.960.776	1.787.024	1.729.798
	29.968	6.634	10.425
	1.048.537	967.863	900.098
	513.687	476.864	486.042
	44.654	34.819	29.803
	20.176	21.753	20.785
	303.754	279.091	282.645
	1.960.776	1.787.024	1.729.798

Starfsþættir

1.1.2025 - 30.9.2025	Einstaklingssvið	Fyrirtækjasvið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskiptavakt	TM	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	15.713	22.698	289	9.722	217	424	306	49.369
Hreinar þjónustutekjur	2.905	2.446	4.461	-484	0	-8	-136	9.184
Afkoma af vátryggingarsamningum	0	0	0	0	1.453	0	294	1.747
Hrein virðisbreyting	-2.629	-285	-2	0	-23	0	0	-2.939
Aðrar tekjur og (gjöld)	90	-829	-212	4.776	-71	2.846	-141	6.459
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	16.079	24.030	4.536	14.014	1.576	3.262	323	63.820
Rekstrargjöld	-5.669	-2.831	-1.895	-671	-421	-9.759	-158	-21.404
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	-858	-416	-9	-740	0	-5	0	-2.028
Útskiptur kostnaður	-3.639	-2.604	-1.139	-1.094	0	8.476	0	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	5.913	18.179	1.493	11.509	1.155	1.974	165	40.388
Tekjuskattur	-1.710	-4.749	-527	-3.108	-358	-481	0	-10.933
Hagnaður (tap) tímabilsins	4.203	13.430	966	8.401	797	1.493	165	29.455
Eignir samtals	936.677	906.070	14.536	821.037	59.200	17.295	-457.214	2.297.601
Skuldir samtals	869.296	765.597	9.539	737.383	26.231	11.556	-457.214	1.962.388
Úthlutað eigið fé	67.381	140.473	4.997	83.654	32.969	5.739		335.213

Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissupáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.



Traustur banki
fyrir farsæla framtíð